BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2017 - 2019

**2019**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2017, 2018 og 2019. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2017, 2018 og 2019.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 11,0% á árinu 2019 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 13,7% ef miðað er við árið 2017. Fjöldi tilkynninga á árinu 2019 var 11.341 tilkynning. Tilkynningum fjölgaði á höfuðborgarsvæðinu en fækkaði lítillega á landsbyggðinni. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2019 voru vegna vanrækslu líkt og árin á undan eða 42,0% tilkynninga. Þetta hlutfall var 41,5% á árinu 2018 og 38,3% á árinu 2017. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis á árinu 2019 var 26,3%, 25,4% árið á undan og 27,8% á árinu 2017. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 30,9% á árinu 2019, 32,0% árið á undan og 32,9% á árinu 2017. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 14,4% á árinu 2019, 13,7% árið á undan og 12,3% á árinu 2017. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 8% á árinu 2019, 7,3% árið á undan og 8,4% á árinu 2017.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 41,9% tilkynninga á árinu 2019, hlutfallið var 42,6% árið á undan og 42,8% á árinu 2017.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2019 var 9.052 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 8.040 börn og 7.879 á árinu 2017. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fækkaði á árinu 2019 miðað við árið á undan úr 174 umsóknum í 154. Umsóknir voru 154 á árinu 2017. Flestar umsóknir bárust um MST en fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá Reykjavík eða 37,7% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fjölgaði á árinu 2019 úr 120 beiðnum í 163 miðað við árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 171 á árinu 2017. Beiðnum um tímabundið fóstur fjölgaði mest og flestar beiðnir bárust frá Reykjavík eða 38,7% á árinu 2019. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en öll árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum fjölgaði úr 236 á árinu 2018 í 257 á árinu 2019, en þau voru 233 á árinu 2017. Skýrslutökur fyrir dómi voru 150 á árinu 2019, 128 árið á undan en 117 á árinu 2017. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 108 á árinu 2018 í 107 á árinu 2019, en þau voru 116 árinu 2017. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á árinu 2019 var 257 börn, en þau voru 236 árið á undan og 233 á árinu 2017. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fækkaði úr 226 í 220 á árinu 2019 miðað við árið á undan. Vistanir voru 211 á árinu 2017. Vistunardögum fækkaði úr 1.180 dögum á árinu 2018 í 1.157 daga á árinu 2019, en vistunardagar á árinu 2017 voru 1.349. Alls komu 82 börn á lokaða deild á árinu 2019, en þau voru 83 á árinu 2018 og 86 á árinu 2017.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði miðað við árin á undan, voru 47 á árinu 2019, 72 á árinu 2018 og 60 á árinu 2017.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 4.244 | 42,5 | 4.401 | 43,1 | 4.677 | 41,2 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 2.630 | 26,4 | 2.732 | 26,8 | 3.674 | 32,4 |
| Landsbyggð[2] | 3.099 | 31,7 | 3.080 | 30,2 | 2.990 | 26,4 |
| **Samtals** | **9.973** | **100,0** | **10.213** | **100,0** | **11.341** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

[2]Upplýsingar hafa ekki borist um fjölda tilkynninga frá Útey fyrir allt tímabilið á árinu 2019

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

| Kyn | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 5.498 | 55,1 | 5.512 | 54,0 | 6.184 | 54,5 |
| Stúlkur | 4.390 | 44,0 | 4.600 | 45,0 | 5.047 | 44,5 |
| Ekki vitað[1] | 85 | 0,9 | 101 | 1,0 | 110 | 1,0 |
| **Samtals** | **9.973** | **100,0** | **10.213** | **100,0** | **11.341** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði[1]

| Landsvæði | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 3.009 | 38,2 | 3.121 | 38,8 | 3.498 | 38,6 |
| Nágrenni Reykjavíkur[2] | 2.189 | 27,8 | 2.302 | 28,6 | 2.470 | 27,3 |
| Landsbyggð | 2.681 | 34,0 | 2.617 | 32,6 | 3.084 | 34,1 |
| **Samtals** | **7.879** | **100,0** | **8.040** | **100,0** | **9.052** | **100,0** |

[1] Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

[2]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

| Kyn | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 4.369 | 55,5 | 4.384 | 54,5 | 4.938 | 54,6 |
| Stúlkur | 3.440 | 43,7 | 3.605 | 44,8 | 4.059 | 44,8 |
| Ekki vitað[1] | 70 | 0,9 | 51 | 0,6 | 55 | 0,6 |
| Samtals | **7.879** | **100,0** | **8.040** | **100,0** | **9.052** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

| | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 5.624 | 71,4 | 5.791 | 72,0 | 6.378 | 70,5 |
| Drengir | 3.040 | 54,0 | 3.062 | 52,9 | 3.417 | 53,6 |
| Stúlkur | 2.536 | 45,2 | 2.682 | 46,3 | 2.922 | 45,8 |
| Ekki vitað[2] | 48 | 0,8 | 47 | 0,8 | 39 | 0,6 |
| Þar af nýjar kannanir | 2.811 | 35,7 | 2.911 | 36,2 | 3.004 | 33,2 |
| Drengir | 1.461 | 52,0 | 1.514 | 52,0 | 1.591 | 53,0 |
| Stúlkur | 1.325 | 47,1 | 1.373 | 47,2 | 1.392 | 46,3 |
| Ekki vitað[2] | 25 | 0,9 | 24 | 0,8 | 21 | 0,7 |

[1] Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um.

[2]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.

## Ástæður tilkynninga[1]

| Ástæður tilkynninga | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **3.817** | **38,3** | **4.241** | **41,5** | **4.759** | **42,0** |
| *Drengir* | *2.031* | *20,4* | *2.201* | *21,6* | *2.472* | *21,8* |
| *Stúlkur* | *1.786* | *17,9* | *2.040* | *20,0* | *2.387* | *21,0* |
| Líkamleg vanræksla | 234 | 2,3 | 223 | 2,2 | 225 | 2,0 |
| *Drengir* | *156* | *1,6* | *121* | *1,2* | *121* | *1,1* |
| *Stúlkur* | *78* | *0,8* | *102* | *1,0* | *104* | *0,9* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 3.273 | 32,8 | 3.609 | 35,3 | 4.140 | 36,5 |
| *Drengir* | *1.712* | *17,2* | *1.865* | *18,3* | *2.063* | *18,2* |
| *Stúlkur* | *1.561* | *15,7* | *1.744* | *17,1* | *2.077* | *18,3* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 1.231 | 12,3 | 1.404 | 13,7 | 1.635 | 14,4 |
| *Drengir* | *630* | *6,3* | *709* | *6,9* | *814* | *7,2* |
| *Stúlkur* | *601* | *6,0* | *695* | *6,8* | *821* | *7,2* |
| Vanræksla varðandi nám | 178 | 1,8 | 217 | 2,1 | 218 | 1,9 |
| *Drengir* | *97* | *1,0* | *132* | *1,3* | *129* | *1,1* |
| *Stúlkur* | *81* | *0,8* | *85* | *0,8* | *89* | *0,8* |
| Tilfinningaleg vanræksla | *279* | *2,8* | *329* | *3,2* | *331* | *2,9* |
| *Drengir* | *160* | *1,6* | *165* | *1,6* | *152* | *1,3* |
| *Stúlkur* | *119* | *1,2* | *164* | *1,6* | *179* | *1,6* |
| | | | | | | |
| **Ofbeldi** | **2.777** | **27,8** | **2.592** | **25,4** | **2.987** | **26,3** |
| *Drengir* | *1.314* | *13,2* | *1.259* | *12,3* | *1.469* | *13,0* |
| *Stúlkur* | *1.463* | *14,7* | *1.333* | *13,1* | *1.518* | *13,4* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 1.682 | 16,9 | 1.587 | 15,5 | 1.903 | 16,8 |
| *Drengir* | *843* | *8,5* | *791* | *7,7* | *962* | *8,5* |
| *Stúlkur* | *839* | *8,4* | *796* | *7,8* | *941* | *8,3* |
| þar af heimilisofbeldi | 840 | 8,4 | 746 | 7,3 | 909 | 8,0 |
| *Drengir* | *419* | *4,2* | *358* | *3,5* | *462* | *4,1* |
| *Stúlkur* | *421* | *4,2* | *388* | *3,8* | *447* | *3,9* |
| Líkamlegt ofbeldi | 682 | 6,8 | 613 | 6,0 | 680 | 6,0 |
| *Drengir* | *376* | *3,8* | *358* | *3,5* | *391* | *3,4* |
| *Stúlkur* | *306* | *3,1* | *255* | *2,5* | *289* | *2,5* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 453 | 4,5 | 449 | 4,4 | 474 | 4,2 |
| *Drengir* | *117* | *1,2* | *149* | *1,5* | *147* | *1,3* |
| *Stúlkur* | *336* | *3,4* | *300* | *2,9* | *327* | *2,9* |
| | | | | | | |
| | | | | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun barna** | **3.286** | **32,9** | **3.264** | **32,0** | **3.510** | **30,9** |
| *Drengir* | 2.146 | 21,5 | 2.047 | 20,0 | 2.345 | 20,7 |
| *Stúlkur* | *1.140* | *11,4* | *1.217* | *11,9* | *1.165* | *10,3* |
| Neysla barns á vímuefnum | 553 | 5,5 | 599 | 5,9 | 733 | 6,5 |
| *Drengir* | *323* | *3,2* | *352* | *3,4* | *464* | *4,1* |
| *Stúlkur* | *230* | *2,3* | *247* | *2,4* | *269* | *2,4* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 1.271 | 12,7 | 1.299 | 12,7 | 1.248 | 11,0 |
| *Drengir* | *713* | *7,1* | *659* | *6,5* | *733* | *6,5* |
| *Stúlkur* | *558* | *5,6* | *640* | *6,3* | *515* | *4,5* |
| Afbrot barns | 809 | 8,1 | 646 | 6,3 | 724 | 6,4 |
| *Drengir* | *605* | *6,1* | *477* | *4,7* | *559* | *4,9* |
| *Stúlkur* | *204* | *2,0* | *169* | *1,7* | *165* | *1,5* |
| Barn beitir ofbeldi | 500 | 5,0 | 542 | 5,3 | 620 | 5,5 |
| *Drengir* | *422* | *4,2* | *450* | *4,4* | *482* | *4,3* |
| *Stúlkur* | *78* | *0,8* | *92* | *0,9* | *138* | *1,2* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 249 | 2,5 | 264 | 2,6 | 342 | 3,0 |
| *Drengir* | *151* | *1,5* | *160* | *1,6* | *212* | *1,9* |
| *Stúlkur* | *98* | *1,0* | *104* | *1,0* | *130* | *1,1* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **93** | **0,9** | **116** | **1,1** | **85** | **0,7** |
| **Tilkynningar alls** | **9.973** | **100,0** | **10.213** | **100,0** | **11.341** | **100,0** |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu**[2] | **421** | **100,0** | **514** | **100,0** | **664** | **100,0** |
| *Drengir* | 218 | 51,8 | 250 | 48,7 | 327 | 49,3 |
| *Stúlkur* | *191* | *45,4* | *252* | *49,0* | *313* | *47,1* |
| *Ekki vitað*[3] | *12* | *2,8* | *12* | *2,3* | *24* | *3,6* |

[1]Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.
[2]Að mati tilkynnanda
[3]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna.




## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 77 | 0,8 | 52 | 0,5 | 57 | 0,5 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 495 | 5,0 | 556 | 5,4 | 530 | 4,7 |
| Nágrannar | 592 | 5,9 | 672 | 6,6 | 753 | 6,6 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 181 | 1,8 | 120 | 1,2 | 182 | 1,6 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 250 | 2,5 | 252 | 2,5 | 307 | 2,7 |
| Lögregla | 4.272 | 42,8 | 4.347 | 42,6 | 4.748 | 41,9 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 1.238 | 12,4 | 1.347 | 13,2 | 1.621 | 14,3 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 221 | 2,2 | 221 | 2,2 | 229 | 2,0 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 1.016 | 10,2 | 1.026 | 10,0 | 1.141 | 10,1 |
| Foreldrar barns | 744 | 7,5 | 828 | 8,1 | 776 | 6,8 |
| Aðrir | 887 | 8,9 | 792 | 7,8 | 997 | 8,8 |
| **Samtals** | **9.973** | **100,0** | **10.213** | **100,0** | **11.341** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 36 | 23,4 | 39 | 22,4 | 28 | 18,2 |
| Önnur meðferðarheimili* | 26 | 16,9 | 19 | 10,9 | 21 | 13,6 |
| MST | 92 | 59,7 | 116 | 66,7 | 105 | 68,2 |
| **Samtals** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** | **154** | **100,0** |

***** Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017).

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 65 | 42,2 | 57 | 32,8 | 58 | 37,7 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 48 | 31,2 | 54 | 31,0 | 40 | 26,0 |
| Landsbyggð | 41 | 26,6 | 63 | 36,2 | 56 | 36,4 |
| **Samtals** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** | **154** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 94 | 61,0 | 107 | 61,5 | 97 | 63,0 |
| Stúlkur | 60 | 39,0 | 67 | 38,5 | 57 | 37,0 |
| **Samtals** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** | **154** | **100,0** |

# Beiðnir um fósturheimili

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 122 | 71,3 | 67 | 55,8 | 98 | 60,1 |
| Varanlegt | 28 | 16,4 | 28 | 23,3 | 33 | 20,3 |
| Styrkt | 21 | 12,3 | 25 | 20,8 | 32 | 19,6 |
| **Samtals** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** | **163** | **100,0** |

## Beiðnir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 67 | 39,2 | 36 | 30,0 | 63 | 38,7 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 40 | 23,4 | 37 | 30,8 | 47 | 28,8 |
| Landsbyggð | 64 | 37,4 | 47 | 39,2 | 53 | 32,5 |
| **Samtals** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** | **163** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | 2017 | | 2018 | | 2019 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 94 | 55,0 | 64 | 53,3 | 82 | 50,3 |
| Stúlkur | 77 | 45,0 | 56 | 46,7 | 81 | 49,7 |
| **Samtals** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** | **163** | **100,0** |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| Rannsóknarviðtöl | 233 | 236 | 257 |
| a. Skýrslutökur | 117 | 128 | 150 |
| Vegna kynferðislegs ofbeldis | 70 | 85 | 105 |
| Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis | 47 | 43 | 45 |
| b. Könnunarviðtöl | 116 | 108 | 107 |
| Þar af við fylgdarlaus börn | 13 | 3 | 6 |
| Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila[3] | 7 | 0 | 3 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 134 | 108 | 107 |
| Læknisskoðanir | 8 | 12 | 5 |

Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í sex tilvikum á árinu 2017, í einu tilviki á árinu 2018 og í tveimur tilvikum á árinu 2019.

## Kyn barna í Barnahúsi[1]

| **Kyn** | **2017** | | **2018** | | **2019** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 79 | 33,9 | 100 | 42,4 | 81 | 31,5 |
| Stúlkur | 154 | 66,1 | 136 | 57,6 | 176 | 68,5 |
| **Samtals** | **233** | **100,0** | **236** | **100,0** | **257** | **100,0** |

[1] Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Lokuð deild á Stuðlum

## Lokuð deild á Stuðlum[1]

| | 2017 | 2018 | 2019 |
|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Fjöldi vistana | 211 | 226 | 220 |
| Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl. | 1.349 | 1.180 | 1.157 |
| Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 | 148 | 0 | 0 |
| Fjöldi einstaklinga | 86 | 83 | 82 |

## Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

| **Kyn** | **2017** | | **2018** | | **2019** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 54 | 62,8 | 49 | 59,0 | 51 | 62,2 |
| Stúlkur | 32 | 37,2 | 34 | 41,0 | 31 | 37,8 |
| **Samtals** | **86** | **100,0** | **83** | **100,0** | **82** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **2017** | | **2018** | | **2019** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni[1] | 34 | 56,7 | 39 | 54,2 | 28 | 59,6 |
| Vesturland | 4 | 6,7 | 8 | 11,1 | 3 | 6,4 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 2 | 2,8 | 1 | 2,1 |
| Norðurland | 4 | 6,7 | 6 | 8,3 | 6 | 12,8 |
| Austurland | 2 | 3,3 | 6 | 8,3 | 1 | 2,1 |
| Suðurland | 10 | 16,7 | 9 | 12,5 | 4 | 8,5 |
| Reykjanes | 5 | 8,3 | 2 | 2,8 | 4 | 8,5 |
| Fólk búsett erlendis | 1 | 1,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **60** | **100,0** | **72** | **100,0** | **47** | **100,0** |

[1]Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.